

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr., sbr. einnig 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsing þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun nr. 2002/80/EB, sbr. breyting á henni nr. 2002/679/EB. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 211/2002 um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Tyrklandi.

*Umhverfissráðuneytinu, 13. desember 2002.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um ráðstöfun afgangsvöru varnarliðsins.

## 1. gr.

Öll umsýsla er fylgir sölu á afgangsvörum varnarliðsins og liðsmanna þess, öðrum en byggingum og mannvirkjum, er í höndum sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli.

Með afgangsvöru er átt við alla þá vöru, búnað, bifreiðar, tæki og mannvirki sem varnarliðið eða liðsmenn þess óska eftir að selja á Íslandi og hafa aflað til að sinna verkefnum varnarliðsins eða í einkaþágu og hefur verið undanþegin greiðslu opinberra gjalda með heimild í lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess og lögum nr. 82/2000, um framkvæmd tiltekinna þátta í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna.

## 2. gr.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast sölu á byggingum og mannvirkjum sem eru í eigu varnarliðsins og ekki telst nauðsynlegt að rífa, auk leigu eða sölu á landrými vegna landsskila á varnarsvæðum í samræmi við reglur um ráðstöfun eigna ríkisins.

## 3. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal hafa eftirlit með sölu á allri annarri afgangsvöru frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Sýslumannsembættið skal með sama hætti hafa eftirlit með sölu á bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði sem liðsmenn varnarliðsins hafa flutt til landsins án greiðslu opinberra gjalda og óska að selja á Íslandi.

## 4. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal sinna innheimtu allra opinberra gjalda af sölu varnarliðsins eða liðsmanna þess, skv. 3. gr., á allri afgangsvöru, þar með töldum bifreiðum, vélum, tækjum og búnaði, til innlendra aðila. Við tollmeðferð slíks varnings skulu gilda ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, um vörur sem eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, hvað varðar tollverðsákvörðun, álagningu og innheimtu aðflutningsgjalda, lögveðsrétt, tollefirlit og refsíákvæði.

## 5. gr.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli skal í samráði við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins setja nánari reglur um fyrirkomulag sölu afgangsvöru skv. 3. gr.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 110/1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sbr. lög nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl. og öðlast gildi hinn 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 227/1995, um Umsýslustofnun varnarmála.

*Utanríkisráðuneytinu, 17. desember 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu og viðarvörn.

#### I. KAFLI

#### Markmið og gildissvið.

## 1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna eða skaðað umhverfið.

## 2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til framleiðslu, innflutnings, sölu og notkunar eftirfarandi efna og vörutegunda:

## 1. Viðarvarnarefna sem í eru:

- |   |                       |            |
|---|-----------------------|------------|
| a) kvikasilfurs- eða arsensambönd,                                      |                       |            |
| b) pentaklórfenól, sölt þess og esterar                                 | CAS-nr. <sup>1)</sup> | 87-86-5    |
| c) eftirtalin efni og efnasambönd sem fengin eru við eimingu kolatjörü: |                       |            |
| - kreósót   | CAS-nr.               | 8001-58-9  |
| - kreósótolía   | CAS-nr.               | 61789-28-4 |
| - naftalenolíur   | CAS-nr.               | 84650-04-4 |
| - kreósótolía, asenaftenþáttur  | CAS-nr.               | 90640-84-9 |

<sup>1)</sup> CAS-nr.: Chemical Abstract Service — Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.